



FÉLAG GRUNNSKÓLAKENNARA  
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112  
fg@ki.is • www.ki.is

## Ágætu félagsmenn

Í upphafi er þrennt sem þarf að hafa í huga varðandi frítökuréttinn.

- 1) Félagsmenn geta alltaf valið að fá yfirvinnu greidda eins og áður – alltaf, án undantekninga.
- 2) Ef þeir kjósa geta þeir samið um að fá 44,44% yfirvinnuálag og frí.
- 3) Það er ekki hægt að skikka neinn til að fara frítökuleiðina - aldrei undir neinum kringumstæðum.

Samninganefnd FG setti fram sem eitt af markmiðum sínum að ná fram ákvæði sem myndi gera félagsmönnum mögulegt að taka sér frí meðan á skóla stendur. Eins og margir vita hafa aldrei verið nein ákvæði um þetta í kjarasamningnum okkar. Það var því til nokkurs að vinna að ná inn grein um rétt til að semja um frítöku. Í sumum skólum hefur tíðkast að félagsmenn hafa getað fengið frí með „tíma á móti tíma“. Á mörgum stöðum hefur hins vegar ekki verið val um að taka frí á meðan skóla stendur nema með því að taka launalaust leyfi með tilheyrandi skerðingu á sumarlaunum.

Þetta heimildarákvæði er að finna í mörgum kjarasamningum og löng hefð er fyrir framkvæmd þess. Það gefur félagsmönnum tækifæri til að semja um að taka yfirvinnu sína út með álagsgreiðslu og frí. Félagsmaðurinn hefur þó ávallt val um taka fulla greiðslu fyrir yfirvinnu sína eins og alltaf hefur verið.

Þetta er heimildarákvæði sem þýðir að það er alls ekki hægt að „skikka“ starfsmann til að taka yfirvinnu út í frí og á sama hátt getur starfsmaður ekki krafist þess að fara þessa leið.

Heimilt er að nota alla yfirvinnu í frítökuna, hvort sem hún er forfallakennsla, föst yfirvinna eða hvaða önnur yfirvinna sem er. Þegar frítakan er reiknuð út er 40 klst. vinnuvika notuð til grundvallar (ekki 42,86 klst. eins og vinnuframlag kennara er á viku).

Í töflum hér fyrir neðan má sjá dæmi um félagsmann í launaflokki 242. Hann hefur unnið 8 klst. í yfirvinnu. Tvær leiðir eru í boði:

A) Fá yfirvinnu greidda að fullu kr. 43.344 (sjá töflu 1)

EÐA

B) Semja um frítöku og fá 44,44% yfirvinnuálag greitt, kr.19.262 og frí í 8 klst. (sjá töflu 2).

Ef sami félagsmaður á 32 klst. í yfirvinnu lítur dæmið svona út. Tvær leiðir eru í boði:

A) Fá yfirvinnu greidda að fullu kr. 173.376 (sjá töflu 1).

EÐA

B) Semja um frítöku og fá 44,44% yfirvinnuálag greitt, kr. 77.048 og frí í 32 klst. (sjá töflu 2).

Hafi starfsmanni ekki tekist að nýta sér allt fríð sem hann hefur aflað sér á skólaárinu er það gert upp í lok júlí ár hvert. Í dæminu hér á undan var viðkomandi búinn að fá álag greitt vegna 32 klst. (77.048 kr.) og átti fríð inni en nær ekki að taka það. Í því tilviki fær félagsmaðurinn mismuninn greiddan, þ.e.a.s. á fullum yfirvinnutaxta að frádregnu álaginu. 173.376 kr. – 77.048 kr. = 96.328 kr.

Tafla 1

**Öll yfirvinna greidd út**

Launafl.	Grunnlaun	Yfirvinna
242	521.745	5.418

klst. / kest.	Yfirvinna
1	5.418
4	21.672
8	43.344
32	173.376
40	216.720

Tafla 2

**Álag greitt út og frí tekið**

Álag 44,44% af yfirvinnunni	
2.408	

Greiðsla "44,44%"	"Frí"
2.408	1 klst.
9.631	4 klst.
19.262	8 klst. / 1 dagur
77.048	32 klst.
96.310	5 dagar